

### **Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 20. mars 2015 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-85/2014:

#### **I**

##### **Álitaefni og kröfugerð**

Hinn 16. október sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hann telur vera á farsíma, sem hann keypti af Y, hér eftir einnig nefnt seljandi. Álitsbeiðandi krefst þess að seljandi greiði sér skaðabætur.

#### **II**

##### **Málsmeðferð kærunefndarinnar**

Með bréfi, dags. 30. október sl., gaf kærunefndin seljanda kost á andsvörum og bárust þau hinn 5. desember. Með bréfi, dags. 12. desember, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og frestur til þess til 29. desember. Engin frekari gögn bárust nefndinni. Með bréfi, dags. 19. mars, var aðilum tilkynnt að kærunefndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

#### **III**

##### **Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda**

Í álitsbeiðni og gögnum sem henni fylgdu kemur fram að hinn 8. október 2013 keypti álitsbeiðandi farsíma af gerðinni HTC One Silver af seljanda fyrir kr. 116.820. Um hálfu ári eftir kaupin brann síminn þegar hann var í hleðslu. Segir álitsbeiðandi að seljandi hafi talið að eitthvað hefði amað að hleðslusnúru símans og því væri síminn ekki í ábyrgð. Telur álitsbeiðandi þá skýringu einkennilega en að auki hafi snúran einnig litið út fyrir að hafa brunnið. Sem fyrr segir krefst álitsbeiðandi skaðabóta. Telur hann að ábyrgð seljanda á símanum eigi að ná utan um alla vöruna.

Meðfylgjandi álitsbeiðni er afrit af reikningi fyrir kaupum á umræddum síma.

#### **IV**

##### **Andsvör seljanda**

Í andsvörum seljanda kemur m.a. fram að sími sá er um ræðir sé af gerðinni HTC One og hafi verið keyptur hjá seljanda hinn 8. október 2013. Síminn hafi fyrst komið til viðgerðar hjá seljanda hinn 28. maí 2014 og hann í kjölfarið sendur á verkstæði þriðja aðila vegna vandamála í hleðslu, en hleðslutengi og snúra sýndu ummerki eftir rafmagnsbruna. Verkstæðið rakti skemmdirnar til rakaskemmdar í hleðslusnúru sem valdið hafði skammhlaupi í hleðslutengi og hleðslurás á móðurborði símans. Var síminn metinn óviðgerðarhæfur og utan ábyrgðar vegna rakaskemmda. Ekki var hægt að rekja skemmdirnar til galla í símanum. Var álitsbeiðandi ekki sáttur við þessa niðurstöðu verkstæðisins og var því síminn sendur á annað verkstæði til að fá sjálfstætt álit þess og var það ger 5. júní 2014. Það verkstæði taldi að tyggigúmmí eða annar aðskotahlutur hefði komist í hleðslutengi símans. Komust því bæði verkstæðin að þeirri niðurstöðu að skemmdirnar á símanum væru ekki af völdum galla og þar af leiðandi féllu skemmdirnar ekki undir ábyrgð. Segir seljandi að ábyrgð á farsímunum gildi ekki þegar síminn hafi orðið fyrir hnjaski vegna rangrar notkunar eða óheppilegrar meðferðar.

Meðfylgjandi andsvörum er afrit af viðgerðarsögu símans.

## V

### Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir nr. 48/2003 um neytendakaup.

Eins og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi farsíma af gerðinni HTC One Silver af seljanda hinn 8. október 2013 fyrir kr. 116.820. Hinn 28. maí 2014 fór álitsbeiðandi með símann á starfstöð seljanda í kjölfar þess sem síminn brann þegar verið var að hlaða hann. Var síminn í kjölfarið skoðaður á tveimur verkstæðum sem bæði komust að þeirri niðurstöðu að síminn hefði bilað vegna rangrar notkunar eða óheppilegrar meðferðar á símanum, en ekki vegna galla.

Um galla er fjallað í 15. og 16. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup. Í a-lið 1. mgr. 16. gr. segir að söluhlutur teljist gallaður ef „hann sé ekki í samræmi við þær kröfur sem fram koma í 15. gr.“ Í b-lið 2. mgr. 15. gr. segir að söluhlutur skuli „hafa þá eiginleika til að bera sem neytandinn mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut að því er varðar endingu og annað.“ Söluhlutur telst þó ekki gallaður nema gallinn sé „hvorki sök neytanda né stafar af aðstæðum sem hann varða“ eins og segir í 1. mgr. 26. gr. laganna.

Af framanröktum lagaákvæðum leiðir að síminn telst gallaður ef ástand hans er ekki í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru í 15. gr. laganna, þá t.d. vegna þess að síminn hefur ekki þá eiginleika sem neytandi mátti búast við hvað varðar endingu eða annað, eins og þar segir. Hlutlægt séð má segja að ástand símans í dag uppfylli þau skilyrði, enda síminn ónýtur. Hins vegar er það einnig skilyrði þess að söluhlutur geti talist gallaður að galinn sé „hvorki sök neytanda né stafar af aðstæðum sem hann varða“, svo sem rakið er að framan. Í málinu liggur fyrir álit tveggja verkstæða þar sem núverandi ástand símans er rakið til rangrar notkunar eða óheppilegrar meðferðar á símanum. Þessu hefur ekki verið mótmælt, né nokkur gögn verið lögð fram sem benda til þess gagnstæða. Verður því ekki hjá því komist að hafna því að síminn teljist gallaður í skilningi 16. gr. sbr. 15. gr. laganna. Ber því að hafna kröfum álitsbeiðanda.

## VI

### Álitsorð

Kröfum álitsbeiðanda, X, er hafnað.

---

Pétur Örn Sverrisson  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir